



## 1662. stjórnarfundur

Íþróttamiðstöðin í Laugardal

10. apríl 2019, kl. 11:30

### 1. Fundargerð 1661. fundar

Samþykkt.

### 2. Verkefnasjóður ÍBR

Tillögur sjóðsstjórnar um úthlutun lagðar fram og samþykktar.

### 3. Afrekssjóður ÍBR

Tillögur sjóðsstjórnar um úthlutun lagðar fram og samþykktar.  
Samþykkt að endurskoða reglur beggja sjóða.

### 4. Hegðunarviðmið og siðareglur ÍSÍ

Lagðar fram siðareglur ÍSÍ og hegðunarviðmið. Hefur verið sent aðildarfélögnum til kynningar.

### 5. Þing sérsambanda

Framundan eru þing Keilusambands Íslands og Íshökkísambands Íslands.

### 6. Vinnuhópur vegna tennisaðstöðu

Á síðasta þingi var samþykkt að fela stjórn ÍBR að skipa vinnuhóp til að skoða uppbyggingu innanhús tennisaðstöðu í borginni. Samþykkt að óska eftir fulltrúum í hópinn frá aðildarfélögnum sem eru með tennis og einnig eftir einum fulltrúa ÍTR. Fulltrúi ÍBR í hópnum verður Frímann Ari Ferdinandsson

### 7. Tour of Reykjavík

Gengið hefur illa að fá samstarfsaðila að viðburðinum. Til skoðunar er að halda keppnina ekki í ár. Samþykkt að taka viðburðinn til endurskoðunar.

### 8. Verkaskipting stjórnar

Yfirlit yfir hlutverk, nefndir, hópa o.s.frv. lagt fram.

Samþykkt að Lilja Sigurðardóttir verði varaformaður, Viggó H. Viggósson verði ritari og Gígja Gunnarsdóttir verði gjaldkeri.

Samþykkt að skipa rekstrarnefnd viðburða ÍBR.

Samþykkt að skipa siðamálanefnd.

Samþykkt að skipa stefnumótunarnefnd ÍBR. Nefndin hefur það hlutverk að vinna með borgaryfirvöldum og íþróttafélögum að eftirfylgni með stefnu í íþróttamálum, sbr samþykkt borgarstjórnar Reykjavíkur 15. janúar 2019, til næstu 10 ára og tryggja framkvæmd hennar.

Samþykkt að skipa vinnuhóp sem hefur það hlutverk að skoða skipulag Laugardalsins með tilliti til uppbyggingar íþróttar og útivistar fyrir borgarbúa. Verkefni hópsins er að eiga í samskiptum við borgaryfirvöld og hagaðila í dalnum varðandi þarfir til uppbyggingar og iðkunar. Hópurinn skili niðurstöðum fyrir áramót.

Samþykkt að skipa nefnd um uppbyggingu fjölnota húss sem vinna skal í samræmi við samþykkt þings ÍBR 2017.

## **9. Umsögn**

Lögð fram og samþykkt umsögn til MÍT um sundlaug í Úlfarsárdal.

## **10. Umsögn**

Lögð fram og samþykkt umsögn til MÍT um óskir Golfklúbbs Brautaholts um styrki til starfsemi félagsins.

Fundi slitið kl. 13:00.

Frímenn Ari Ferdinandsson sá um fundarritun